ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 9.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 50 kr.

Ríkisstjórn íslenska auðvaldsins viðurkennir

LEPPSTJÓRN USA Í SAIGON

Aðeins um einum mánuði frá því að hin svokallað vinstri stjórn hrökklaðist frá, tekur íslenska ríkisstjórnin upp stjórnmálasamband við leppstjórn Bandaríkjanna í Saigon. Þannig gefur ríkisstjórnin í raun út stuðningsyfirlýsingu við ógnarstjórn Thieu, sem heldur hluta Suður-Víetnamskrar alþýðu í ógnargreipum í skjóli hervalds Bandaríkjanna.

Það skyldi þó enginn ætla að um leið og stjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins tók við af stjórn "vinstri" flokkanna,hafi hún hlaupið upp til handa og fóta og á mettíma komið á stjórnmálasambandi við leppstjórnina í Saigon. Slíkt tekur miklu lengri tíma eftir þunglamalegu stjórnkerfi borgaranna. Fyrst verða að fara fram undirbúningsviðræður áður en hægt er að koma stjórnmálasambandi á. Það leikur því enginn vafi á, að þegar stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tekur upp stjórnmálasamband við Saigon-klíkuna, er hún ekki að gera annað en að setja punktinn aftan við viðræður "vinstri" stjórnarinnar við hana. Það er því til lítils fyrir Alþýðubandalagið að reyna að firra sig ábyrgð af þessu stjórnmálasambandi.

En þó svo að auðvaldsríki heimsins lýsi yfir stuðningi við leppstjórn Bandaríkjanna í Saigon, megnar það á engan hátt að hefta framsókn alþýðu Suður-Víetnams og baráttu hennar fyrir því að fá völdin í sínar hendur.

-/rb

Kínverska Alþýðulýðveldið 25 ára

1. október s.l. voru liðin 25 ár frá því að kínverska alþýðulýðveldið var stofnað. Sigur kínversku byltingarinnar var sigur fyrir öll framfarasinnuð öfl hvarvetna í heiminum. - leið kínversku þjóðarinnar til frelsis undan oki heimsvaldastefnunnar er leiðarljós öllum kúguðum þjóðum sem berjast fyrir frelsi sínu. Kínverski kommúnistaflokkurinn er forystuflokkur heimshreyfingar kommúnismans - ásamt albanska verkalýðsflokknum hefur KFK leitt baráttuna gegn svikum nútíma endurskoðunarsinnanna í Sovétríkjunum.

SJÁ GREIN Á BLS.3



Alþýðubandalagið skiptir litum

Mælikvarðinn á raunverulega stefnu og stéttareðli stjórnmálaflokkanna er starf þeirra á Alþingi, í fjöldasamtökum og í einstökum mikilvægum pólitískum málum. Áróður flokkanna verður ekki lagður til grundvallar mati á stéttareðli þeirra eða stefnu - það sýna kosningarnar í júní svo ekki verður um villst. Þess vegna er nauðsynlegt að rannsaka afstöðu og starfssemi flokkanna í einstökum málum og bera það síðan saman við orð þeirra og yfirlýsingar. Enginn borgaralegur "lýðræðisflokkur" heldur því opinberlega fram að hann starfi í þágu arðráns minnihlutans á meirihlutanum eða vilji viðhalda kúgun kapítalismans. Í stað þess lýsa þeir yfir þjóðarsameiningu í þágu allra landsmanna - þjóðarsamstöðu um hagsmunamál þjóðarinnar og innbyrðis friði milli stéttanna. En starfssemi þeirra afhjúpar þjóðarhagsmunina sem hagsmuni auðvaldsins, þjóðarsamstöðuna sem samstöðu um málstað auðvaldsins og friðinn á milli stéttanna sem óbreytta arðránsaðstöðu auðvaldsins á verkalýðnum.

Kosningasigur Sjálfstæðisflokksins merkir óhjákvæmilega, að nú er tekinn við völdum sá flokkur sem óvægnastur er í kjaraskerðingum og árásum á verkalýðinn og hagsmuni hans. Stjórnarsamstarf hans við Framsókn er merki um samvinnu tveggja stærstu einokunarhringjanna Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna og SÍS. Tengslin milli þessara einokunarhringja og stjórnarflokkanna eru augljós. Má þar nefna tvö af ótal mörgum dæmum, að Einar Ágústsson utanríkisráðherra var bankastjóri Samvinnubankans, sem er í eigu SÍS og að Einar Sigurðsson, sem á sæti í stjórnum SH og söluhringsins í Japan og er auk þess stjórnarformaður Coldwater Seafood, er framámaður í Sjálfstæðisflokknum og skrifar mjög oft greinar í Morgunblaðið.

Ef hins vegar ætti að dæma eftir kosningaáróðri flokkanna fyrir kosningarnar í júní, hefði mátt halda, að hér væru á ferðinni tvenns konar þjóðfélagsöfl, annars vegar hægriöfl í Sjálfstæðisflokknum og hinsvegar vinstriöfl í Framsókn. En úrslit kosninganna tóku af allan vafa um stéttareðli þessara flokka og sýndu fram á að skipting í hægri og vinstri er tilbúin en er ekki samkvæmt raunverulegri afstöðu flokkanna.

Fyrir kosningarnar var slagorð Framsóknar: Varist viðreisnarvofuna! - á sama tíma setti Sjálfstæðisflokkurinn fram slagorðið: Bless Óli Jó!

Nú virðist hins vegar viðreisnarvofan kunna vel við sig í einni sæng með sama Óla Jó! og slagorð flokkanna eru nú sameiginleg: ábyrga stjórn á efnahags-

Framhald á bls. 3



Eins og kameljónið, skiptir Alþýðubandalagið litum eftir aðstæðum - til þess að hremma atkvæði.

Heimsvaldaríkin undirbúa stríð

Vestrænir fjölmiðlar fjalla nú mjög opinskátt um það hvernig heimsvaldaríkin munu bregðast við stöðugt dýpkandi kreppu - með stríði!

Auðvaldsskipulagið býður ekki upp á nein önnur úrræði - eins og tvær heimsstyrjaldir sýna og sanna. Ennfremur er það staðreynd, að ekki hefur liðið einn einasti dagur frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, að ekki hafi verið barist einhvers staðar á yfirráðasvæði heimsvaldalandanna.

Ráðagerðirnar um stríð, sem nú eru ræddar í Washington og víðar, eru því eðlilegt framhald á fundum, viðræðum og ráðstefnunum, sem hafa leyst hverja aðra af að undanförnu.

Offramleiðslukreppan, fjármálaöngþveitið og verðbólguvöxturinn í gervöllum auðvaldsheiminum skerpir allar móthverfur heimsvaldaríkjanna, bæði innbyrðis og gagnvart löndum þriðja heimsins og sósíalismans - ástandið leiðir því af sér að allt talið um "friðarvilja" og "samvinnu" víkur fyrir umræðum um "raunhæf viðbrögð".

Í bandaríska tímaritinu Newsweek, dagsett 7. okt. '74, er grein (bls. 16), sem byggir á viðtölum við fjölda sérfræðinga um alþjóðamál og hernaðarsérfræðinga í þjónustu bandarísku ríkisstjórnarinnar - þar kemur fram að nú þegar er búið að ræða þá möguleika, sem USA-heimsvaldasinnarnir telja sig hafa til þess að tryggja kúgunartök sín á löndum þriðja heimsins. Möguleikarnir eru þrír, segja þeir: 1. Sálrænt stríð (sem byggist á hótunum og er þegar byrjað m.a. í ræðum Fords og Kissingers). 2. Undirróðursstarf í þeim löndum sem sýna sjálfstæði gagnvart heimsvaldaríkjunum. 3. Bein hernaðarinnrás. Allir þessir þættir eru auðvitað gamalkunnir úr vopnabúri auðvaldsins, en það er sjaldan sem auðvaldspressan fjallar svo opinskátt um aðgerðirnar fyrirfram - venjan er að "frjálsa pressan í lýðræðislöndunum" uppgötvar allt svínaríið eftir á, líkt og í Chile (þar sem ekki þurfti innrás, fasistar landsins tóku að sér hlutverk böðulsins).

Þessar vangaveltur sérfræðinga auðvaldsins beinast að hugsanlegum aðgerðum gegn Arabalöndunum - sem hafa bundist samtökum til þess að berjast fyrir hærri hlutdeild framleiðslulandanna í olíugróðanum, sem fram að þessu hefur runnið óskiptur til heimsvaldaríkjanna. Þessi "skerðing" á gróðanum er þó mjög lítill hluti heildargróðans, eins og tölur um svimandi gróðaaukningu olíuhringanna frá síðasta ári sýna - enda er það ekki höfuðtilgangurinn í áætlunum heimsvaldalandanna að endurheimta þær upphæðir, sem Arabalöndunum hefur tekist að halda eftir. Höfuðtilgangurinn með þessum áróðri gegn Aröbunum er sá, að beina huga verkalýðsins í auðvaldslöndunum frá raunverulegum orsökum dýpkandi kreppu og skella allri skuldinni á "hækkandi olíuverð og heimtufrekju Arabalandanna."

Sökudólgurinn fundinn

Þótt til séu staðfestar tölur um að aðeins 1-2% af verðbólgu Vesturlanda stafar af hækkandi olíuverði, reyna ríkisstjórnir heimsvaldalandanna að skella allri skuldinni á "frekju Arabanna."

Staðreyndir um offramleiðslukreppuna, sem sífellt dýpkar, á að fela í áróðri gegn aðila sem á engan hátt er valdur að atvinnuleysinu, kauplækkununum, skattahækkununum o.s.frv., sem verkalýður auðvaldslandanna fær nú að kynnast æ nánar. Það er meira að segja sagt berum orðum í áðurnefndir grein Newsweek, að "þegar þar að kemur (innrásinni) munu olíuframleiðslulöndin vera orðin svo óvinsæl, að hernaðarinnrás getur öðlast stuðning hvarvetna í heiminum."

Göbbels á marga eftirkomendur, sem nú starfa sem ráðgjafar ríkisstjórnanna á Vesturlöndum - það er nú þeirra hlutverk að sjá til þess, að

Framhald á baksíðu

Orsakir verðbólgunnar

Síðan í lok seinni heimsstyrjaldarinnar hefur vöruverð í löndum auðvaldsheimsins margfaldast og sérstaklega undanfarin tvö ár. Verðbólgan hefur verið 35 - 40 % hér á Íslandi og í EBE-löndunum, þar sem gripið hefur verið til samræmdra tollaaðgerða, verðlagsjöfnunar o.s.frv., hefur verðbólgan samt sem áður aukist og er að meðaltali uppi í 15 %. Vöruverðshækkanir hafa þó verið mestar í nýlendunum og t.d. í Chile hefur verðbólgan farið yfir 450 % og svipaða sögu er að segja um Formósu, Indónesíu o.fl. lönd. En hvaðan stafar þessi verðbólga? Hverjar eru orsakir hennar?

Verðbólgan er ekki "innflutt"

Hagspekingar borgaranna halda því gjarnan á lofti, að verðbólgan sé aðskotadýr í íslensku efnahagslífi, innflutt frá öðrum löndum og því sé hún illviðráðanleg. Þessi kenning er alröng. Íslenska hagkerfið er hluti af heimshagkerfi auðvaldsins og því koma sveiflur þess óhjákvæmilega fram á Íslandi eins og í öðrum löndum. Verðbólgan er afleiðing af mótsetningum í auðvaldsframleiðslunni sjálfri og því fyrirfinnst ekkert auðvaldsland, sem er laust við hækkanir á vöruverði. Íslenski kapitalisminn er ekkert frábrugðinn kapitalismanum í öðrum löndum og svo lengi, sem auðvaldsskipulagið varir, mun ekki vera hægt að koma í veg fyrir verðbólgu. Tilraunir kapitalistanna til að halda gróða sínum eins háum og mögulegt er, kemur í veg fyrir að lögmálið um framboð og eftirspurn virki. Þrátt fyrir að framboð á vörum sé þegar í dag meira en eftirspurnin, leiðir þetta ekki af sér lækkun á vöruverðinu, heldur þvert á móti hækkun. Þær vörur, sem framleiddar hafa verið umfram eftirspurnina eru einfaldlega geymdar í vöruskemmunum í von um að eftirspurnin aukist og hægt sé að selja þær síðar á hæsta verði. Þannig er u.þ.b. helmingur af fiskframleiðslu síðasta árs geymdur í vöruskemmunum og verður ekki settur á markað fyrr en fiskverð á Bandaríkjamarkaði hækkar aftur. Þannig hefur Efnahagsbandalagsráðið látið fylla stór frystiskip af umframkjöti og sigla þeim út fyrir landhelgi viðkomandi landa, í þeirri von að markaðurinn "jafni sig." Á hinn bóginn vex eymd hins vinnandi fjölda, sérstaklega í nýlendunum. Atvinnuleysið í kapitalísku löndunum er í dag meira heldur en nokkru sinni eftir síðari heimsstyrjöldina og hungursneyðir ríkja á stórum svæðum Afríku, Asíu og S-Ameríku. Annars vegar er offramleiðsla á matvælum, sem "borgar sig ekki" að selja og hins vegar er hungur og neyð hjá milljónum hins vinnandi lýðs. Þetta eru lífskjörin, sem auðvaldsheimurinn hefur upp á að bjóða í dag, þetta er sannleikurinn um auðvaldsframleiðsluna og innri mótsetningar hennar.

AB-forystan reynir að breiða yfir eðli auðvaldsframleiðslunnar með því, að tala um innflutta verðbólgu og ennfremur með því að tala um verðbólguna sem hagstjórnartæki, eins konar misnotkun Sjálfstæðisflokksins á aðstöðu sinni í ríkisstjórn. Því það er ekki aðalatriðið hvort Sjálfstæðisflokkurinn er við stjórn eða Alþýðubandalagið, verðbólgan minnkar ekki þó skipt sé um ráðherra, því hún er óhjákvæmilegur fylgifiskur auðvaldsframleiðslunnar. AB-forystunni er bara mikið í mun að halda því fram, að ef réttir fulltrúar "alþýðunnar" sitji í ríkisstjórn auðvaldsins, sé hægt að afnema galla kapitalismans og koma á kreppulausu og verðbólgulausu velferðarþjóðfélagi. Þessi er raunverulega orsökin fyrir talinu um að verðbólgan sé hagstjórnartæki.

Orsakir almennra verðhækkana

"Almenn hækkun vöruverðs getur stafað af tvennu. Annaðhvort af hækkuðu gildi varanna - við óbreytt gildi peninganna -, eða af lækkuðu gildi peninganna, við óbreytt gildi varanna." (Marx, Capital bd. I, bls. 71). Þessi niðurstaða Marx af rannsóknum á breyttu verðlagi var gerð á tímum samkeppniskapitalismans. Síðan þá hefur kapitalisminn komist á nýtt stig, stig einokunar og heimsvaldastefnu. Þær breytingar, sem þetta hafði í för með sér, leiddu að nokkru til að lögmálið um framboð og eftirspurn missti gildi sitt og í staðinn fyrir það kom einokunarverðlag. En Marx hafði einnig sýnt fram á að verðlagning, jafnvel þegar um var að ræða einokunarfyrirtæki fór ekki eftir geðþótta einokunarkapitalistanna, heldur eftir lögmálum auðvaldsframleiðslunnar. Hann segir: "Ef við tökum dæmi um kaupmann, sem er einokari og sem jafnframt einokar framleiðsluna, eins og gamla Hollenska Austur-Indíska félagið gerði á sínum tíma, er ekkert fáránlegra en hin almenna skoðun að það sé í hendi kaupmannsins, hvort hann selur margar vörur með litlum gróða, eða fáar vörur með háum gróða á hverja einingu vörunnar. Hin tvö

Framhald á baksíðu

LEIÐARI

Afhjúpum sósíalheimsvaldastefnuna!

Höfuðhættan, sem heimshreyfing kommúnismans stendur frammi fyrir, er hættan af endurskoðunarstefnunni - tilvera og áhrif endurskoðunarstefnunnar er beitt vopn borgarastéttarinnar og heimsvaldastefnunnar gegn baráttu verkalýðsins í auðvaldslöndunum og kúguðu þjóðanna í löndum þriðja heimsins. Baráttan gegn endurskoðunarstefnunni er því forsenda þess, að flokkar og samtök verkalýðsins geti sótt fram í baráttunni gegn borgarastéttinni.

Í ár eru liðin 18 ár frá því að liðhlaupinn Krúsjof hóf allsherjarárás gegn byltingarstefnu marxismans-lenínismans á 20. flokksþingi Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna 14. febrúar 1956. Það var þá, sem endurskoðunarstefna Krúsjof klíkunnar kom fram í dagsljósið - frá þeim degi hefur baráttan gegn nútíma-endurskoðunarstefnu Krúsjof klíkunnar geisað og sífellt fleirum hefur orðið ljóst mikilvægi þess, að berjast gegn þessum útsendurum borgarastéttarinnar innan heimshreyfingar kommúnismans.

Sovétríkin eru í dag heimsvaldaland

Endurskoðunarstefnan hefur marga anga og kemur fram í sífellt nýju formi, en hún hefur ætíð sama höfuðmarkmið og inntak - andmarxíska og andbyltingarsinnaða skemmdarstarfsemi í þágu borgarastéttarinnar.

Sovétríkin, sem áður voru höfuðvígi og föðurland verkalýðs alls heimsins, eru í dag annað höfuðvígi heimsvaldastefnu og afturhalds. Sovétríkin eru í dag sósíalheimsvaldaland (sósíalísk í orði en heimsvaldasinnuð á borði) og innanlands ríkir fasískt alræði borgarastéttarinnar. Þessi miklu umskipti, þ.e. valdataka borgarastéttarinnar að nýju í Sovétríkjunum, orsakaði mikinn skaða í heimshreyfingu kommúnismans. Þáverandi forystuflokkur heimskommúnismans, Kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna var brotinn niður - hann hóf að grafa undan alræði öreiganna og uppbyggingu sósíalismans hvarvetna - í stað stéttabaráttu boðaði hann stéttasamvinnu.

Eftir dauða Stalíns og sérstaklega að loknu 20.þinginu 1956 hófst útbreiðsla afturhaldssamra, endurskoðunarsinnaðra hentistefnustrauma undir fölsku flaggi "skapandi marxisma."

En villimannlegar árásir Krúsjof klíkunnar mættu mikilli andspyrnu þegar í upphafi, flokkur Lenins og Stalíns féll ekki baráttulaust. Krúsjof klíkan hreinsaði rækilega til í flokknum, m.a. voru Mólótof, Kaganóvitsj og Malenkof reknir úr miðstjórninni. Bería var myrtur og 70% af miðstjórnarfélögum, sem voru kosnir á 19. þinginu voru fjarlægðir á því 20. Flokkurinn hefur breyst - endurskoðunarsinnarnir hafa á tímabilinu 1956-1960 1 milljón félaga úr flokknum, þ.e. 1/6 félagatölunnar 1956 og hlutfall verkamanna hefur fallið mikið.

Þessar hreinsanir innan flokksins voru gerðar undir yfirskyni "baráttu gegn persónudýrkun" - en voru í rauninni árás gegn öllum þeim, sem héldu fast við sannar kenningar marxismans-lenínismans.

Andspyrnan var ekki einangruð við Sovétríkin, um allan heim hófu sannir marxistar-lenínistar upp baráttu með kínverska Kommúnistaflokkinn og albanska Verkalýðsflokkinn í broddi fylkingar.

Hin nýja borgarastétt

Kenningar Krúsjof klíkunnar um að kúgaður verkalýður í auðvaldslöndunum og heimsvaldalöndunum ásamt kúguðum þjóðum þriðja heimsins gætu náð frelsi án byltingar var eitt fyrsta skrefið, sem klíkan tók burt frá marxismanum-lenínismanum. Á 20. þinginu 1956 sagði Krúsjof:

> "Þegar svo er komið getur verkalýðsstéttin..., tryggt sér öruggan meirihluta á þingi og breytt því úr tæki borgaralýðræðis í raunverulegt hagsmunatæki almennings. Þessi stofnun, sem er sögurík í mörgum háþróuðum auðvaldslöndum, getur þannig orðið tæki raunverulegs lýðræðis, lýðræðis alþýðu manna. Öruggur þingmeirihluti, sem hefur að baki sér öfluga byltingarhreyfingu öreiga og vinnandi fólks, gæti orðið þess megnugur að tryggja verkafólki í ýmsum auðvaldsríkjum og fyrri nýlendum þau skilyrði sem þarf til að framkvæma gagngerar breytingar á þjóðfélaginu."
> (Skýrsla miðstj. KFS 14. febr.1956, bls. 48-49. Útg. MÍR 1956)

Þessi "þingræðisleið til sósíalismans" er algjör afneitun á grundvallarkenningum marxismans-lenínismans um ríkisvaldið - og afneitun á leið byltingarinnar sem einu leiðarinnar til frelsis fyrir verkalýðinn og kúguðu þjóðirnar. Spurningin um byltingu eða ekki byltingu hefur alltaf skilið á milli raunverulegra marxista-lenínista og allra annarra "sósíalista".

Í beinum tengslum við þessa kenningu er kenning Krúsjof klíkunnar, sem sett var fram á 22. þingi KFS, um að "alræði öreiganna ætti ekki lengur rétt á sér í Sovétríkjunum" og að þau væru "ríki allrar þjóðarinnar" og flokkurinn væri "flokkur allrar þjóðarinnar." Þessar kenningar eru í þágu borgarastéttarinnar á sama hátt og kenningar Sjálfstæðisflokksins hérlendis um "flokk allra stétta" og "hagsmuni allrar þjóðarinnar" - þ.e. kenningar um stéttasamvinnu kúgarans og hinna kúguðu.

M. Súslof, ritari miðstjórnar KFS og einn helsti hugmyndafræðingur nútíma-endurskoðunarstefnunnar er einkar hreinskilinn um eðli kenningarinnar um "ríki allrar þjóðarinnar." Í ræðu, sem hann hélt á fundi miðstjórnar KFS 14. febr. 1964, sagði hann:

> "Gegn hverjum telja kínversku fræðimennirnir, að við eigum að beita alræði verkalýðsins? ... Öll vitum við hvað hlaust af þeirri kenningu Stalíns að stéttaátökin hlytu að harðna eftir því sem meiri árangur næðist í sósíalistískum framkvæmdum... <u>Þar sem arðránsstéttir eru fyrir löngu horfnar í Sovétríkjunum</u> er ríkisvaldið ekki lengur tæki til að hafa hemil á sigruðum arðræningjum, heldur túlkar það nú vilja allrar þjóðarinnar, en flokkur verkalýðsstéttarinnar er orðinn flokkur þjóðarinnar allrar." (Ræða M. Súslofs, útg. Heimskringla 1964, bls. 85-86, okkar undirstr.)

Hvað felst í þessum orðum? Jú - að stéttaátök séu liðin tíð í Sovétríkjunum - en er það svo? Nokkur dæmi, sem eru tekin úr sovéskum dagblöðum, nægja til að sýna að svo er ekki.

- KRASNAJA ZVEZDA (19. maí 1962) segir frá hvernig vopnaverksmiðju í Leníngrad var stjórnað af lítilli klíku manna, sem sátu í æðstu stöðum. Þeir notfærðu sér vélar verksmiðjunnar til að framleiða hluti, s.s. sjálfblekunga og græddu 1,2 milljónir rúbla á þremur árum.
- PRAVDA VOSTOKA (8. okt. 1963) segir frá vefnaðarverksmiðju í Usbekistan, þar sem framkvæmdastjórnin, yfirverkfræðingurinn o. fl. breyttu fyrirtækinu í einkafyrirtæki stunduðu ólöglega verslun með framleiðsluna, réðu og ráku verkamenn að eigin geðþótta og komu á 12 stunda vinnudegi hjá verkafólkinu.
- PRAVDA UKRAINY (18. maí 1962) segir frá forstjóra húsgagnaverksmiðju, sem stofnaði eigin fataverksmiðju og varð vel ríkur. Hann átti marga bíla, margar hjákonur, fleiri hús og stundaði fjárhættuspil af miklum móð.

Og svona mætti halda áfram að telja upp dæmi um það hvernig hin nýja borgarastétt Sovétríkjanna hefur sölsað undir sig verksmiðjur sem hið sósíalíska ríkisvald verkalýðsins kom á fót. Þessir menn eru ekki einir á báti, þeir eiga samskipti við og njóta verndar háttsettra manna í ríkisvaldinu. Þeir eru innundir hjá lögreglu og dómurum, sem sjá í gegnum fingur sér við þá og beinlínis aðstoða þá við iðju sína.

Þetta eru dæmi um það, að ný borgarastétt er komin til valda og að hún er algjörlega andstæð hagsmunum verkalýðsstéttarinnar og nærist á striti hennar. Endurskoðunarstefna Krúsjofs-Brésnéfs og Co. er hugmyndafræði þessara nýju borgara - og nýju Zarirnir í Kreml eru pólitískir fulltrúar þeirra.

Verkföll eru nú æ tíðari í Sovétríkjunum og lögreglunni er sigað á verkamennina. Félagar í þeim byltingarsamtökum, sem hafa verið stofnuð síðustu ár í Sovétríkjunum eru hundeltir af lögreglunni og fangelsaðir eða settir á geðveikrahæli. Valdataka Krúsjof klíkunnar var gerð með því að hreinsa úr flokknum og ríkiskerfinu alla þá, sem vildu halda áfram á braut sósíalismans. Eru þetta ekki dæmi um stéttabaráttu?

Allt tal um að stéttir og stéttabarátta séu liðin undir lok hefur þann eina tilgang að slæva stéttarvitund verkalýðsstéttarinnar í þágu borgaranna.

"Friðsamleg sambúð" kúgarans og þeirra kúguðu

Kenningarnar um "þingræðisleiðina til sósíalismans" og "ríki og flokk allrar þjóðarinnar" eru skýr dæmi um að borgarastéttin er aftur við völd í Sovétríkjunum. Á sviði utanríkisstefnu hefur kenningin um "friðsamlega sambúð" orðið allsráðandi og túlkar hagsmuni sósíalheimsvaldastefnunnar. "Friðsamlega sambúð" er nú hið algilda slagorð Brésnéfs og félaga. Þeir rangtúlka kenningu Leníns um friðsamlega sambúð á milli ríkja með ólíkt þjóðskipulag með því að alhæfa hana yfir öll samskipti. Túlkun þeirra er þannig, að "friðsamleg sambúð" skuli gilda milli allra - einnig milli kúgaðra og kúgaranna. Stefnan um "friðsamlega sambúð" hefur nú náð svo langt, að bandarísku heimsvaldasinnarnir, sem voru áður höfuðóvinur sósíalismans og byltingarinnar, eru nú helsti bandamaður og samningsaðili sovésku endurskoðunarsinnanna.

Breyting Sovétríkjanna úr sósíalísku ríki yfir í heimsvaldaríki hefur komið hvað skýrast fram í þeirri stefnu, sem þau hafa framfylgt í utanríkismálum. Nokkur dæmi nægja til að sýna þessa stefnu - sem er sama eðlis og heimsvaldahagsmunir bandarísku borgarastéttarinnar:

- Innrásin í Tékkóslóvakíu og kenning Brésnéfs um "takmarkaðan sjálfsákvörðunarrétt" ríkja Varsjárbandalagsins. Á sama hátt og Bandaríkin, telja nýju Zarirnir sig hafa "rétt" til að hlutast til um innanríkismál annarra ríkja.
- Afstaðan til kúguðu þjóðanna. Þegar Alsír háði sitt frelsisstríð gegn frönsku heimsvaldasinnunum, lýsti Krúsjof klíkan því yfir, að "málið væri franskt innanríkismál" - og tók þannig afstöðu gegn frelsisbaráttu Alsírbúa. Indókína: Sovétríkin hafa státað af því, að þau hafi stutt baráttu Víetnama með ráðum og dáð. En staðreyndir sýna, að svo er ekki - þar, sem annars staðar, hafa heimsvaldahagsmunir sósíalimperíalismans ráðið gerðunum. Á árunum 1955-70 var vopnamagnið, sem Sovétríkin sendu til Indókína, aðeins þriðjungur þess magns, sem Egyptaland, Sýrland og Írak fengu. Hlutur Indókína var <u>minni</u> en hlutur Indlands og Afganistan. Hlutur Indókína í efnahags"aðstoð" Sovétríkjanna er enn minni - m.a. hlutu stjórnir Írans og Tyrklands, báðar í nánum tengslum við USA-heimsvaldastefnuna, tvöfalt meiri aðstoð. Endurskoðunarsinnarnir hafa stutt bandaríkjaleppinn Lon Nol í Kambódíu en ekki einn einasti eyrir af "aðstoð" Sovétríkjanna hefur komið í hlut frelsishreyfingarinnar þar í landi. Allt þetta sýnir tilganginn með "aðstoðinni" - nefnilega þann, að þar sem sósíalheimsvaldastefnan hefur möguleika á að gera ríki háð sér (Indland) eða aukið áhrif sín (Tyrkland), þar er "aðstoðin" ríkmannleg. En í löndum, sem hafa sýnt sjálfstæði gagnvart áhrifum sósíalimperíalismans (Víetnam/Kambódía), þar er hlutverk peninganna eingöngu að bjarga "sósíalísku" andliti Sovétríkjanna og í engu hlutfalli við þarfir þeirra ríkja, sem eiga í hörðustu baráttunni.
- Afstaðan til Ísrael. Sovétvaldhafarnir hafa hvað eftir annað lýst yfir "samstöðu með Aröbum" - en stuðningur þeirra við Ísrael og makk þeirra við Bandaríkin afhjúpa "samstöðuna" sem áróðursgjálfur í þeim tilgangi að tryggja og auka völd sósíalheimsvaldastefnunnar í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Á meðan á októberstyrjöldinni stóð, leyfðu Brésnéf og Co. 35.000 Gyðingum að flytjast til "fyrirheitna landsins" - en mannafli er einmitt það, sem Ísraelríki skortir helst. Nýlega var var skýrt frá því, að um 100.000 Gyðingar myndu flytjast til Ísrael frá Sovétríkjunum á næsta ári ('75). Samvinna sósíalheimsvaldasinnanna og bandarísku heimsvaldasinnanna til að styrkja Ísrael - ríki, sem er skapað af heimsvaldasinnunum og viðhaldið til höfuðs frelsisbaráttu Palestínuaraba - er dæmi um samvinnu risaveldanna til að halda kúguðu þjóðunum í arðránsgreipum sínum.
- Flotauppbygging Sovétríkjanna. Hernaðarhlið sósíalimperíalismans kemur m.a. fram í þeirri geysilegu uppbyggingu herskipaflotans, allt frá því að nýju zarirnir náðu völdunum. Á tíma Stalíns var hernaðarmáttur Sovétríkjanna byggður upp til <u>varnar</u> sósíalismanum - en núverandi uppbygging stríðsvélarinnar miðast við þarfir heimsvaldaríkis og er í öllum atriðum nauðalík bandarísku stríðsvélinni. Líkt og floti Bandaríkjanna, siglir nú sovéski flotinn um heimshöfin og er stöðugt tilbúinn að grípa inn í rás viðburðanna - steypa stjórnum, sem vinna gegn hagsmunum heimsvaldastefnunnar - og ógna ríkjum til fylgis við hagsmuni hennar. Afstaða Sovétríkjanna til "frelsis á heimshöfunum", sem kom fram á Karakasráðstefnunni, er einmitt ætluð til þess að tryggja "frelsið" til að beita áhrifum sínum hvarvetna á heimshöfunum.
- Árásir gegn sósíalísku ríkjunum. Landamæradeilur Kína og Sovétríkjanna eru beinar afleiðingar af yfirgangsstefnu Sovétríkjanna, sem hvað eftir annað hafa sent herflokka inn á kínverskt landssvæði.

Baráttan gegn nútíma-endurskoðunarer verkefni allra kommúnista!

Baráttan gegn nútíma-endurskoðunarstefnunni hefur staðið allt frá því að hún kom fram í kenningum Krúsjofs. Þótt svik Krúsjof klíkunnar hafi valdið miklum skaða innan heimshreyfingar kommúnismans, þá hefur baráttan gegn nútíma-endurskoðunarstefnunni fært kommúnismanum nýja sigra. Þar ber hæst Menningarbyltinguna í Kína og Byltingarherferðina í Albaníu 1965.
Hér á Íslandi er það verkefni okkar kommúnista að afhjúpa gerðir og kenningar sósíalheimsvaldasinnanna og heyja óvægna baráttu gegn fulltrúum nútíma-endurskoðunarstefnunnar sem helst er að finna í Alþýðubandalaginu og Fylkingunni - framtíð íslensku byltingarhreyfingarinnar er komin undir þessari baráttu. 1/10

Hafið samband við KSML


<u>Reykjavík:</u> KSML, Skólastræti 3B eða pósthólf 1357, sími 27800. Fulltrúi samtakanna er til viðtals á opunanartíma Rauðu stjörnunnar.

<u>Nýr umboðsmaður fyrir Suðurnes</u>

Einar Jónsson, Sólvallagötu 40C, Keflavík.

<u>Ný umboðssala á Siglufirði</u>

Söluturninn Aðalgötu, er með umboðssölu fyrir Stéttabaráttuna og Rauða Fánann.



Stéttabaráttan
ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
STÉTTABARÁTTAN 9. tbl. 3. árg. 8. okt. 1974.
Útg.: Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Reykjavík
Sími: 27 800.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Nýr námshópur í Keflavík

Undanfarna mánuði hefur verið starfandi stuðningshópur KSML í Keflavík. Hópurinn hefur séð um dreifingu á Stéttabaráttunni og gengið í gegnum grundvallarnámshring samtakanna. Í framhaldi af þessu starfi héldu KSML almennan kynningarfund í Keflavík laugardaginn 21. sept. Fundinn sóttu um 40 manns. Þrjár framsöguræður voru fluttar á fundinum. Fyrstur talaði Gunnar Andrésson, formaður miðstjórnar, og ræddi hann um stéttabaráttuna í heiminum í dag og baráttuna gegn heimsvaldastefnunni. Næst fjallaði Kristján Guðlaugsson um pólitísku baráttuna hér á landi og hina pólitísku og efnahagslegu kreppu sem tröllríður gjörvöllum auðvaldsheiminum í dag. Síðan ræddi Hrólfur Ágústsson um mikilvægi námsstarfsins í marxismanum-lenínismanum og ástæðurnar fyrir því, að KSML hafa sett námsstarfið sem höfuðverkefni sitt í dag.
Að framsöguræðunum loknum voru frjálsar umræður og fyrirspurnum svarað. Nokkrar fyrirspurnir komu fram m.a. um landhelgismálið, afstöðuna til Alþýðubandalagsins og baráttuna gegn vinstri og hægri hentistefnunni. Að fundi loknum var þeim sem áhuga höfðu gefinn kostur á að láta skrá sig í námshópa á vegum samtakanna og gerðu það um 8 manns.
Þessi fundur sýnir okkur að áhugi manna á hinni byltingarsinnuðu pólitík KSML fer stöðugt vaxandi. Kommúnistasamtökin munu fylgja þessu eftir með stórauknu starfi í Keflavík framvegis og næsta verkefni yrði þá stofnun sellu á staðnum.

Stuðningsdeild KSML í Keflavík.

EFLUM STÉTTABARÁTTUNA

Hverra blað er STÉTTABARÁTTAN? Er það "einkaeign" KSML eða jafnvel ritstjórnarinnar? Eða er það málgagn "ruglaðrar menntamannaklíku" eins og fréttatilkynningar í Morgunblaðinu og Þjóðviljanum halda fram?

Nei - STÉTTABARÁTTAN er stofnuð til þess að vera málgagn verkalýðsstéttarinnar - baráttumálgagn! En slíkt vopn skapast ekki í skyndi og það skapast ekki nema verkalýðurinn og allir sem vilja berjast við hlið framsæknasta hluta verkalýðsstéttarinnar fyrir sósíalismanum starfi að því. Þess vegna verða allir, sem vilja vinna að framgangi sósíalísku hreyfingarinnar á Íslandi, að líta á það sem verkefni sitt að efla STÉTTABARÁTTUNA - og það má gera á margan hátt.

Fyrst og fremst þróast blaðið fram á við þegar innihald þess batnar. Þess vegna skorum við á ykkur að senda blaðinu efni úr daglegri tilveru ykkar. Það þurfa ekki að vera langar greinar - oft geta stuttar athugasemdir verið markvissari en lengri greinar. Sendið okkur línu, ef þið takið eftir einhverju, sem þið teljið að eigi heima í blaðinu, fréttir af vinnustað, greinar úr borgarablöðunum, sem eftirtektarverðar eru o.s.frv.

Í öðru lagi er aukin útbreiðsla STÉTTABARÁTTUNNAR mikilvæg. Þeir sem þegar eru orðnir áskrifendur geta unnið að því að vinna nýja áskrifendur - þeir sem kaupa blaðið reglulega geta gerst áskrifendur og allir geta unnið að því að selja blaðið á sínum vinnustað.

Efling STÉTTABARÁTTUNNAR er efling baráttunnar fyrir sósíalisma og skref fram á við fyrir verkalýðsstéttina! Framundan eru átök stéttanna og nauðsynin á sterku málgagni verkalýðsins augljósari en ella. - STÉTTABARÁTTAN skorar á alla framsækna verkamenn og aðra, sem berjast fyrir hag verkalýðsins, að starfa að eflingu blaðsins! -/Ritstj.

Kínverska Alþýðulýðveldið

25 ára sigursæl uppbygging sósíalismans

Kínverska alþýðulýðveldið var stofnað 1. október 1949. Í þau 25 ár, sem liðin eru, hefur sósíalismi verið byggður upp í Kína og alþýðan treyst völd sín skref fyrir skref. Saga kínversku alþýðunnar fram til 1949 var saga innlendrar og erlendrar kúgunar, styrjalda og skorts, og eftir byltinguna saga vægðarlausrar baráttu við gagnbyltingaröflin.

Þrátt fyrir alla erfiðleika hafa verkalýður og bændur undir leiðsögn Kommúnistaflokksins unnið ótrúlegt þrekvirki í framleiðslunni, pólitíkinni, félagslegum umbótum og á sviði menningarinnar.

Saga kínversku byltingarinnar er saga um stéttabaráttu, baráttuna milli sósíalismans og kapitalismans. Menningarbyltingin staðfesti nauðsynina á að framhalda stéttabaráttunni eftir sósíalísku byltinguna, til að hindra gagnbyltinguna og endurreisn kapitalismans, líkt og gerðist í Sovétríkjunum eftir dauða Jósefs Stalín.

Mælt í almanaksárum eru 25 ár liðin frá því að Maó Tse-tung lýsti yfir stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins, en á mælikvarða sögunnar eru mörg hundruð ár milli Kína nútímans, með þróaða og ört vaxandi framleiðslu í iðnaði og landbúnaði, blómstrandi listir, menningu og almenna velsæld, og Kína fram nýlýðræðislegu byltingunni. Tökum sem dæmi Kína og Indland. 1949 stóðu þessi tvö ríki í svipuðum sporum. Langvarandi styrjaldir, eyðilegging, efnahagslegt öngþveiti og pólitísk skálmöld höfðu komið þjóðunum á vonarvöl. En meðan Kína hefur yfirunnið þessa erfiðleika, stendur Indland í sömu sporunum, og ár hvert draga hungur og farsóttir milljónir alþýðufólks til dauða.

Fyrstu skrefin í uppbyggingu sósíalismans

Fyrsta vandamálið, sem leysa varð, var vandamálið með jarðarskipunina. Jörðunum var skipt upp milli fátækra smábænda, svo og gripum og verkfærum. Með þessu eignuðust fátæku bændurnir, sem höfðu kynslóðum saman þrælað fyrir gósseigendurna, sínar eigin jarðir að yrkja. Þannig var jarðavandamálið leyst að sinni. En það varð einnig að koma á fót iðnaði, hann varð að fera leiðandi í efnahagslegu uppbyggingunni. Hér notuðu kínversku kommúnistarnir tvær mismunandi aðferðir.

Sá hluti iðnaðarins, sem var í eigu erlendra heimsvaldasinna og innlendra leppa þeirra, var þjóðnýttur, settur undir yfirráð ríkisins og lýstur eign alþýðunnar.

Hvað varðaði innlendan smáiðnað, var honum enn um sinn haldið í séreign, þar sem þróunarstig framleiðslunnar leyfði ekki annað. Á sama tíma var krafa alþýðunnar um mannsæmandi laun og betri vinnuaðbúnað gerð að veruleika og atvinnuleysið upprætt. Brátt kom að því að sigur vannst á verðbólgunni og efnahagsöngþveitinu. Fyrst og fremst með auknu framboði nauðsynjavara, endurreisn samgöngukerfisins og skipulagningu ríkisins á framleiðslunni. Þannig tókst alþýðunni undir leiðsögn Kommúnistaflokksins að koma efnahagnum í mun betra horf en verið hafði nokkurn tíma fyrir 1949. Þannig óx kornframleiðslan t.d. úr 113 millj. tonna upp í 164 millj. tonn fyrstu 3 árin. Kínverski bóndinn var ekki auðugur, verkalýðurinn lifði ekki í allsnægtum, en vegna framleiðsluaukningarinnar og réttlátari skiptingar fæðunnar, sultu þeir ekki lengur.

Frekari þróun framleiðslunnar

Kommúnistunum var alltaf ljóst, að skipting jarðarinnar í smáskika og takmörkuð þjóðnýting framleiðslunnar var engin endanleg lausn. Landbúnaðurinn þróaðist hægt, var enn mjög frumstæður og iðnaðurinn var á lágu stigi. Enn kom að því að gera þurfti upp á milli tveggja leiða: Sósíalísku uppbyggingarinnar, áframhaldandi baráttu fyrir afnámi séreignarréttarins og stéttanna undir leiðsögn marxismans-lenínismans. Eða leið kapitalismans, að styðja og efla séreignina á framleiðslutækjunum og landinu. Að koma upp borgarastétt, sem bíða myndi ósigur í baráttunni við heimsvaldastefnuna og þýddi óhjákvæmilega, að Kína yrði hálfnýlenda og hlekkjuð í klafa heimsvaldastefnunnar. Undir leiðsögn Maó Tse-tung valdi kínverska alþýðan leið sósíalismans og hægrihentistefnuarmur flokksins, Líu Sjaó-sjí og þý hans gáfu eftir að sinni. Nú reið á að hefja nýja sókn í framleiðslunni og 1953 var fyrsta 5 ára áætlunin gerð.

"Stóra stökkið fram á við"

Jarðnæðinu var skipt upp að nýju. Í stað smárra jarðarskika, sem framfleyttu örfáum fjölskyldum hver og gerðu möguleika á samvinnu hverfandi, komu sameignirnar með 100-200 fjölskyldum hver. Þróunarmöguleikarnir margfölduðust. Grundvöllur fyrir tæknivæðingu og margfalt betri nýtingu vinnuaflsins skapaðist. Þá stórjukust ræktunarmöguleikarnir, þar sem nú varð mögulegt að gera stórvirka áveituskurði og stíflugarða. Loks fylgdi þessu vaxandi sköpunargleði og baráttuvilji alþýðunnar.
Í annan stað tóku handverksmennirnir, smákaupmennirnir og aðrir smáborgarar sig saman í stór samvinnufélög, skyldum sameignunum til sveita. Iðnaður í einkaeign var einnig settur undir umsjá ríkisins og 1956 var svo komið, að einkarekstur var ekki lengur til.
1957 hafði iðnaðurinn tekið algerum stakkaskiptum frá því sem var fyrir byltinguna, þungaiðnaður var orðinn helmingur alls iðnaðar og Kína, sem fram að þeim tíma hafði verið háð innflutningi á framleiðslu- og samgöngutækjum, annaði nú að mestu innanlandsþörfinni.

1958 kom svo "stóra stökkið," sem hafði þann tilgang að gera áframhaldandi uppbyggingu sósíalismans mögulega. Í stað sameignanna komu kommúnurnar, sem voru framleiðslu- og félagseiningar undir allsherjarskipulagi framleiðslunnar.

En stéttamóthverfurnar voru enn fyrir hendi og með mikilli leynd undirbjuggu endurskoðunarsinnarnir innan flokksins valdarán.

Menningarbyltingin

1960 afturkölluðu Sovétríkin alla aðstoð við Kína og á sama tíma urðu miklar náttúruhamfarir þar, erfiðleikarnir dundu yfir. Þetta varð vatn á myllu endurskoðunarsinnanna, innan flokksins, meðal embættismanna og innan hersins voru klíkur, sem höfðu sagt algerlega skilið við öreigalínuna. Þróuninni skyldi snúið við, kapitalisminn skyldi endurreistur. Þessar hugmyndir áttu og mikinn hljómgrunn meðal menntamanna, enda var stéttarlegur bakgrunnur meirihluta þeirra borgaralegur.
Á miðstjórnarfundi í KFK 1962 reyndu þeir, sem leiddu öreigalínuna að hefja gagnrýnis og leiðréttingarherferð, en vegna þess hve endurskoðunarsinnarnir höfðu tryggt stöðu sína, varð enginn raunverulegur árangur af henni í það skiptið. Gagnbyltingarsinnarnir héldu áfram undirróðursstarfi sínu. Af þessu drógu kommúnistarnir mikilvæga lærdóma: Aðeins með því að hefja grundvallarlega fræðilega baráttu gegn stéttarfjendunum, menningarbyltingu, yrði mögulegt að sigra þá. Þrátt fyrir að borgarastéttin hafi verið svipt pólitískum og efnalegum sérréttindum sínum, reynir hún stöðugt að breiða út borgaralegar hugmyndir sínar, hefðir og listir til að undirbyggja og gera mögulegt valdarán gagnbyltingarinnar, og endurheimtingu fyrri



kúgunaraðstöðu sinnar. Gegn þessu verður verkalýðurinn og öll alþýða að heyja vægðarlausa baráttu á sviði hugmyndafræðinnar með framsýnar hugmyndir öreiganna, listir og hefðir, til að hefja meðvitund fjöldans á hærra stig, svo honum sé mögulegt að greina og sigra fjandmenn byltingarinnar.
Þetta var megininntak menningarbyltingarinnar, barátta milli tveggja lína á öllum sviðum þjóðfélagsins.
Á tímum menningarbyltingarinnar setti alþýðan á stofn nýjar valdamiðstöðvar, byltingarráðin, ein af mörgum nýjungum menningarbyltingarinnar, sem hafa verið festar í sessi og þróaðar áfram. Í dag eru þessi ráð, sem eru hvarvetna í Kína, lýsandi dæmi um öreigalýðræðið. Í þeim eru fulltrúar flokksins, hersins og verkamanna/bænda; hlutverk þeirra er að koma í veg fyrir klíkumyndanir, skipuleggja pólitíska skólun fjöldans og að sjá til að öll gagnrýni sé rædd og henni framfylgt sé hún rétt og leiðrétt sé hún röng. Meðlimir ráðanna eru valdir af fjöldanum eftir að hver frambjóðandi hefur verið ræddur og gagnrýndur.

Baráttan gegn Lin Píaó og Konfúsíusi

Á níunda flokksþinginu 1969, var ljóst, að byltingarsinnuð lína Maó Tse-tung hafði gersigrað Líu Sjaó-sjí klíkuna, sem var fordæmd fyrir gagnbyltingartilraun sína. Á sama þingi var Lin Píaó útnefndur eftirmaður Maó formanns, en brátt kom í ljós að hann var þrátt fyrir byltingarsinnaða frasa sína á tímum menningarbyltingarinnar, engu minni gagnbyltingarsinni og hægrihentistefnumaður en Líu Sjaó-sjí.
Lin Píaó og fylgismenn hans gerðu tilraun til valdaráns 1971. Það misheppnaðist með öllu og Lin Píaó fórst í flugslysi á flótta til Kreml.
Gagnbyltingarlína Lin Píaó var skilgreind á 10. flokksþinginu í ágúst 1973, í kjölfarið hefur svo fylgt uppgjör við hann og afturhaldssama þrælahaldarann, heimspekinginn Konfúsíus, sem Lin Píaó reyndi að upphefja, hugmyndum sínum til framdráttar. Þannig stendur sósíalisminn í Kína í dag traustari fótum en nokkru sinni fyrr, pólitískt og efnahagslega, því þó að borgarapressan vilji láta í það skína, að hugmyndafræðilega baráttan hafi dregið úr efnahagslegu framþróuninni í Kína, segir raunveruleikinn annað, þessi barátta hefur einmitt ýtt undir þá geypilegu framleiðsluaukningu, sem orðið hefur síðustu 10 árin.
25 ára sigursæl uppbygging sósíalismans í Kína er lýsandi dæmi um sannindi kenningar marxismans, að "þegar fjöldinn tileinkar sér réttar hugmyndir, verða þær að efnislegu valdi, sem breytir heiminum."

-/hg

Mao Tsetung

Maó Tse-tung fæddist í Shaoshan þorpi í Siangtan sýslu í Húnan héraðinu í Mið-Kína þann 26. desember (sólaralmanak) 1893. Faðir Maós, Maó Jen-sheng, var smábóndi. Maó Tse-tung var settur til vinnu á ökrunum þegar hann hafði náð 6 ára aldri, en milli 8 og 13 ára aldurs gekk hann í skóla hluta úr degi. Þegar Maó var 13 ára gamall varð hann að hætta í skóla til að vinna daglangt á ökrunum, en hann hélt áfram að mennta sig með því að lesa á næturnar og hvenær sem tóm gafst til. Þegar hann var 16 ára gamall fékk hann lán hjá einum frænda sínum til að geta haldið áfram í skóla.
Á þessum árum var gífurleg ólga í Kína; það hrikti í öllum stoðum þessarar hálflénsku hálfnýlendu. Sun Yat-sen, leiðtogi borgaralegu byltingarinnar og stofnandi Kuomingtangflokksins, gaf út blaðið Styrkur fólksins, og þar las Maó pólitískan grundvöll hans og hreifst mjög af. Þegar Maó var 18 ára gamall gekk hann í herinn til að taka þátt í baráttunni fyrir afnámi erlends oks. Það var í hernum sem Maó heyrði fyrst talað um sósíalisma. Á árunum 1912-1917 gekk Maó í skóla í Húnan.

1919, þegar ljóst var að Japan átti samkv. Versalasamningunum að fá stór landssvæði í Kína, braust út mikil byltingaralda, sem kennd er við upphafsdag hennar, 4. maí hreyfingin. Þessi hreyfing var vendipunktur í kínversku byltingunni, því frá og með henni tóku pólitískir leiðtogar byltingarinnar að koma úr öreigastétt, en ekki borgarastétt eins og áður. Kínverskir öreigar voru að koma fram á sjónarsviðið sem sterkt pólitískt afl.

Veturinn 1920-21 kom fulltrúi Komintern til Peking til að undirbúa 1. þing Kommúnistaflokks Kína. Maó, sem tekið hafði þátt í marxísku starfi frá 1919, sat þetta fyrsta þing KFK sem einn af 12 þingfulltrúum. Þá, 1921, voru meðlimir KFK alls 50 talsins, en í dag, 1974, eru þeir 28 milljónir.

Frá og með þessu er æfisaga Maós samfléttuð sögu kínversku byltingarinnar. Til að byrja með var samstarf milli Kommúnistaflokks Kína og Kuomingtang, en upp úr því slitnaði fljótt, eftir því sem byltingaraldan reis. Það sem markaði endalok samstarfs KFK og Kuomintang var, þegar hersveitir undir stjórn Chiang Kaisheks réðust á verkamenn í Shanghai og drápu meira en 4000 þeirra.

Næstu árum eyddi Maó í að skipuleggja bandalag smábænda og verkamanna. Á þessum árum barðist KFK hatrammlega gegn árásum kínversku borgarastéttarinnar. Eitt skipti var Maó handtekinn og leiddur í böndum til höfuðstöðva Kuomintang þar sem átti að taka hann af lífi. En honum tókst að flýja og komast til hersveita kommúnista. Höfuðstöðvar þeirra voru þá í óvinnandi fjallavirki í Chingkangshan. Þaðan var unnið að skipulagningu baráttunnar og uppbyggingu á frelsuðu svæðunum í kring. Herir Kuomintang hófu æðislega sókn með þátttöku nærri milljón hermanna og flughers og það sýndi sig, að kommúnistarnir urðu að hörfa. Þann 16. október lagði Rauði herinn af stað undir forystu Maós, í ferð sem síðan hefur verið kölluð Gangan langa. Í henni tóku þátt yfir 100 þúsund hermenn; hún tók yfir ár og farið var 8000 mílur fótgangandi yfir hæstu fjöll og stærstu fljót Asíu. Alls staðar á leiðinni voru íbúarnir skipulagðir til baráttu, og Rauði herinn skildi eftir fjölda skæruliðahópa hvar sem hann fór. Í október 1935 kom Rauði herinn til Wuchien í Shensi, þar sem eitt af frelsuðu svæðum kommúnista var. Þar með lauk einu mesta þrekvirki, sem um getur í sögunni. Í lok ársins 1936 hertók Rauði herinn Yenan, þar sem Maó hafði síðan höfuðstöðvar sínar í ellefu ár.



Maó Tse-tung lýsir yfir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína 1. október 1949.

Japan réðist inn í Kína 1937, og mynduðu KFK og Kuomintang bandalag um stundarsakir til að ráða niðurlögum sameiginlegs óvinar. Í stríðinu gegn Japan jókst Kommúnistaflokknum gífurlega fylgi, svo að við uppgjöf Japana hafði hann innan sinna raða 1,2 millj. meðlima, hersveitir sem töldu 910.000 hermenn og á frelsuðu svæðunum bjuggu 90 millj. manns. Árin 1946-49 voru ár sigra Rauða hersins yfir andstæðingnum, styrktum af bandarísku heimsvaldastefnunni. Þann 1. október 1949, fyrir 25 árum síðan, lýsti Maó Tse-tung yfir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína og var valinn formaður þess.
Það var Maó Tse-tung sem leiddi alþýðu Kína fram til sigurs og hann hefur verið leiðtogi hennar í sigursælli uppbyggingu sósíalismans. Spurningin um rétta pólitík er það sem ákvarðar hvort ríkisvald öreiganna fær haldið velli. Eftir að Stalín lést hefur Maó verið fremsti hugmyndafræðingur marxismans-lenínismans. Hann hefur þróað fræðikenninguna áfram á mörgum sviðum og verið leiðandi fyrir baráttuna gegn hentistefnunni. Þegar Sovétríkin fóru inn á braut endurskoðunarstefnunnar og sviku marxismann-lenínismann, varði Maó kenningu marxismans um stéttabaráttuna, og kínverskir öreigar gerðu menningarbyltingu til að treysta enn betur alræði sitt. Mikilvægi Maós er ekki bundið við landamæri. Hann er í dag sá maður, sem öreigar og kúguð alþýða alls heimsins líta til, því hann heldur hátt á lofti fræðikenningu marxismans-lenínismans og vísar veginn undan launaþrælkun og arðráni.

KSML hylla Maó Tse-tung á 25 ára afmæli Alþýðulýðveldisins Kína. LENGI LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN OG HUGSUN MAÓS TSE-TUNGS!

-/ÓI

Framhald af forsíðu

Alþýðubandalagið skiptir litum

málum. Geir Hallgrímsson lýsir áhyggjum sínum yfir versnandi þjóðarhag og skellir skuldinni á vinstristjórnina, en Ólafur Jóhannesson fullyrðir hinsvegar að þjóðarhagurinn hafi aldrei verið betri en einmitt þegar vinstristjórnin fór frá. Sannleikurinn er sá, að hvorki Framsókn né Sjálfstæðisflokkurinn megna að stemma stigu við efnahagsvandanum, því að hann á ekki rætur sínar að rekja til slæmrar stjórnunar á efnahagsmálum, eða rangrar stjórnarstefnu, heldur til auðvaldsframleiðslunnar sjálfrar. Nýja stjórnin er sem sagt ósammála um ástæðurnar fyrir efnahagsvandanum, en hins vegar sammála um leiðina til að leysa hann - að herða arðránið á verkalýðnum, með hækkun vöruverðs, lækkun raunlauna og auknum skattabyrðum.
Þetta er hinn raunverulegi samstarfsgrundvöllur nýju hægri stjórnarinnar.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ SKIPTIR LITUM.
Eftir að hægri stjórnin var mynduð, hefur AB-forystan heldur en ekki breytt um stíl. Í stað ábyrgu ráðherranna, sem hétu á verkalýðinn að axla þyngri byrðar, eru komnir ábyrgir verkalýðsforingjar sem heita á verkalýðinn að taka upp baráttu, í stað alþingismannanna með áhyggjusvipinn eru komnir stjórnarandstæðingar sem lýsa því yfir að nóg sé til af peningum og að þjóðarbúið standi alls ekki eins illa og af er látið. Og þeir ættu að þekkja það, þeir sátu sjálfir í stjórnklefanum ekki alls fyrir löngu. Þeir vita sem er, að meinið liggur ekki í versnandi kjörum almennt, heldur í minnkandi gróðahagsmunum kapitalistanna sem þeir þjónuðu. AB-forystan hefur þegar hvatt verkalýðsfélögin til að segja upp samningum og sum verkalýðsfélögin hafa þegar gert það. En þessi hvatning til verkfallsaðgerða er ekki komin til af umhyggju AB-forkólfanna fyrir versnandi kjörum verkafólks, hún er aðeins tromp í pólitískum skollaleik þeirra. Þeir ætla sér að notfæra sér verkalýðshreyfinguna til að komast að kjötkötlunum aftur og í huga þeirra kemst ekkert annað að. Þeir ætla að sigla á þeirri mótmælaöldu gegn verðbólgu og launaskerðingum, sem nú er að rísa, aftur inn í stjórnarráðið. Lúðvík, Magnús og Ragnar Arnalds hafa ekki í hyggju að berjast fyrir hagsmunum verkalýðsins eða hækkuðum launum, þeir unnu sjálfir ötullega að því að halda launum verkafólks niðri ekki alls fyrir löngu, þegar þeir sátu í ríkistjórn.
Ástæðan fyrir rauða litnum á síðum Þjóðviljans eftir kosningarnar, öllu talinu um frelsisbaráttuna út í heimi og nauðsyn harðari kjarabaráttu hérlendis, er sú að þeir ætla að reyna að vinna hylli verkalýðsins með ofurlítið róttækara yfirbragði.
Þó að Þjóðviljinn skrifi um frelsishreyfingarnar úti í heimi, styður AB-forystan þessar hreyfingar alls ekki. Þvert á móti hafa níðgreinar um Kínversku og albönsku alþýðuna verið tíður gestur á síðum Þjóðviljans.
Og enn eitt dæmið um tvöfeldni Ab-forystunnar í þessum málum er viðurkenningin á Saigon-glæpaklíkunni. Það er staðreynd, að "vinstristjórnin" stóð í skeytasambandi við glæpahyski Thieus og að viðurkenningin gerðist á ótrúlega stuttum tíma eftir valdatöku hægristjórnarinnar. Hitt er líka staðreynd, að vinstristjórnin stóð aldrei í neinu skeytasambandi við Bráðabirgða Byltingarstjórnina á frelsuðu svæðunum í Suður-Víetnam. Ennfremur er stuðningur AB-forystunnar við sósíalheimsvaldastefnuna í Sovét og yfirgang hennar í þriðja heiminum og á heimshöfunum gott dæmi um hræsnina í frelsistali Þjóðviljans. AB-forystan er óvinur verkalýðsins og alþýðunnar í þriðja heiminum á sama hátt og hún er fjandmaður íslenska verkalýðsins.

Klofningur á klofning ofan

Í harðnandi sviptivindum stéttabaráttunnar nú undanfarið hefur gömul og ný flokkaskipan riðlast. Þetta getur ekki verið annað en eðlilegt, ef við skoðum það út frá efnahagslega ástandinu. Stéttir auðvaldsþjóðfélagsins heimta skýra pólitíska stefnumörkun, þegar þær finna hvernig efnahagslegi grundvöllurinn er að gliðna í sundur. Þá er ekki lengur tími fyrir hálfvolgt kjaftæði um kærleika og þjóðarsamstöðu, þá eru það aðeins blákaldar staðreyndir, sem hafa eitthvert raunverulegt gildi. Stéttaskiptingin kemur skýrar fram, fyrst sem klofningur einstakra hópa í stórum og smáum flokkum og samtökum um einstök fræðileg og pólitísk markmið þeirra. Þessar hræringar eiga síðan eftir að grípa um sig og taka til æ stærri fjölda meðal stéttanna, sem þá lýstur saman í raunverulegum stéttaátökum undir leiðsögn skólaðra flokka sinna.

Sá klofningur, sem að undanförnu hefur orðið í pólitísku flokkunum hér, hefur auðsjáanlega ekki átt sér neitt afgerandi fylgi meðal stéttanna, eins og við sjáum kannske skýrast á úrslitum kosninganna. Ástæðurnar fyrir klofningsbrölti hinna ýmsu fræðifugla á vinstri væng stjórnmálanna, hafa ekki átt sér samsvörun meðal verkalýðsstéttarinnar, en endurspeglar aðeins fyrstu verulegu pólitísku hræringarnar vegna dýpkandi kreppu.

Í síðasta tölublaði Neista má lesa að þessar pólitísku hræringar hafi jafnvel sett mörk sín á pólitískt rekald eins og "Fylkinguna", sem í fjölda ára hefur ekki séð neina ástæðu til að taka afstöðu til neinna meiriháttar stefnumótandi mála eins og t.d. deilnanna í heimshreyfingu kommúnismans.

Afleiðingarnar af ákveðnari pólitískri stefnumótun Fylkingarinnar hafa líka orðið þær, að hún hefur klofnað, ekki alveg í frumeindir sínar, en í þrennt. Einn hópurinn og það er sá, sem fór úr Fylkingunni, kallar sig marx-lenínista, en þeir sem eftir sitja eru trotskistar[x]) og "sentristar" (þ.e. miðju-menn, menn sem reyna að sitja á tveim stólum samtímis). Framhaldið af klofningi Fylkingarinnar, sem varð á ráðstefnu þeirra 31. ágúst - 1. sept., þekkjum við ekki, en það kæmi okkur ekki á óvart þá að það ættu nú mun oftar eftir að birtast upplognar fréttir og árásir á sósíalísku ríkin Kína og Albaníu og marxísku-lenínísku hreyfingarnar í Neista. Því að eftir þetta uppgjör innan Fylkingarinnar hafa smáborgaralegu gagnbyltingaröflin náð algjörlega yfirhöndinni, en framsæknu öflin, sem kynnu að fyrirfinnast innan hennar verða óhjákvæmilega kæfð niður og línurnar dregnar í samræmi við gagnbyltingaröfl trotskista erlendis - þ.e. Fjórða alþjóðasambandið.

Önnur samtök "vinstra megin" við AB hafa einnig "klofnað", ef hægt er að segja það um samtök, sem smátt og smátt hafa verið að deyja út, en það er Sósíalistafélag Reykjavíkur.

Það klofnaði eins og Fylkingin í kringum kosningarnar og nú hefur formaður þess sagt sig úr því og tekið flugið út í himinblámann, en eftir standa aðeins örfáir sem standa að útgáfu Nýrrar Dagsbrúnar, en pólitísk virkni þeirra hefur nú endanlega náð stigi eyðimerkurinnar og ekkert annað en upplausn blasir við.

Í örvæntingarfullum tilraunum til að halda líkinu frá því að leggjast í gröf sína, reyna félagar Sósíalistafél. Reykjavíkur að lokka til sín "ungt blóð" - m.a. þá, sem klufu sig úr Fylkingunni. En það er staðreynd að tveir af leiðandi félögum Fylkingarinnar, Guðm. Hallvarðs og Baldur Andrésson, eru í stjórn Sósíalistafélagsins, og því yrði samstarf marx-lenínistanna úr Fylkingunni við það afturhvarf til rotinnar pólitíkur trotskistanna og miðjumannanna.

Einu samtökin, sem bera höfuð og herðar upp úr eftir þær pólitísku sviptingar, sem orðið hafa á "vinstri" kantinu, eru því KSML, sem bæði hafa styrkst pólitískt og skipulagslega í gegnum fræðilega baráttu og uppgjör við ranga pólitík og starfsaðferðir. Framhald baráttu verkalýðsins fyrir byltingarsinnuðum flokki ræðst því eingöngu af árangri KSML í þessu markmiði.

KSML skora á alla sanna verkalýðssinna að láta pólitísku líkin hvíla í friði - en taka upp baráttuna með KSML og koma í náms- og stuðningsstarf á vegum þeirra.

-/GA

x)Sjá grein um trotskismann í 8. tbl. Stéttabaráttunnar ´74.

DAGSBRÚNARFUNDUR

Félagsfundur í Dagsbrún um uppsögn samninga var haldinn sunnudaginn 22. september s.l. Að lokinni framsöguræðu sinni, sem fjallaði um ástandið í kjaramálum frá sjónarhóli verkalýðsforystunnar, lagði Eðvarð Sigurðsson til að samningum yrði sagt upp. Það urðu nokkrar umræður um það á fundinum hvernig staðið skyldi að undirbúningi og framkvæmd komandi samningaviðræðna og verkfalls. Það var áberandi, að flestir þeir verkamenn, sem tóku til máls, gerðu það í því skyni að gagnrýna verkalýðsforystuna og hvernig hún stæði að makki við atvinnurekendur. Í þeim tillögum, sem félagar úr KSML lögðu fram varðandi komandi samningaviðræður og verkfall, fólst m.a.:

- Aukin tíðni funda, til að gefa verkamönnum tækifæri til að fylgjast betur með gangi mála.
- Að skipulagning verkfallsvakta hæfist strax, til að geta betur virkjað sem flesta verkamenn til baráttu.
- Að verkfallssjóðir yrðu opnaðir strax á fyrsta degi verkfalls, til að koma í veg fyrir að hægt væri að þreyta verkamenn til uppgjafar.
- Að í verkfallinu yrði gefið út blað á kostnað Dagsbrúnar, sem allir verkamenn fengju að skrifa í óritskoðað. Þetta blað gæti þjónað sem viss samtengjari á milli verkamanna á hinum ýmsu vinnustöðum.

Í greinargerð með þessum tillögum bentu félagar úr KSML á, að þessar tillögur fælu í sér, að verkamenn yrðu betur virkjaðir og þeim þjappað betur saman gegn kjaraskerðingarherferð auðvaldsins. Ef Dagsbrúnarforystan legði sig gegn þessu, þá sýndi það sig, að þeir vildu halda baráttu verkamanna niðri og fá frið til að makka við atvinnurekendur að baki læstra skrifstofudyra.

Dagsbrúnarforystan sýndi hug sinn til þessara tillagna með því að hún lét ekki svo lítið að bera þær upp. Aðspurður sagði Guðmundur J., að "það væri ýmislegt í þessum tillögu, sem sér fyndist ekki nægilega gott." Þetta sýnir ljóslega hvernig Dagsbrúnarforystan setur sjálfa sig sem almáttugan dómara yfir hvað er rétt og hvað er rangt í verkalýðsbaráttunni. Það þarf ekki að spyrja að því, að í flestum tilvikum eru þeir sammála auðvaldinu um hvað sé rétt og hvað sé röng baráttuaðferð.

Verkalýðsforystan reynir að hindra gagnrýni á makk sitt við auðvaldið með því að þrengja lýðræðið í verkalýðsfélögunum, sem henni er framast unnt. Enda lét hún ekki við það sitja að bera ekki upp þessar tillögur, heldur beitti því líka, að loka mælendaskrá fyrirvaralaust, og taka einn félaga úr KSML út af henni.

Einn maður kom þarna upp á fundinum sem hafði ekkert til málanna að leggja um verkalýðsmál, heldur notaði þetta tækifæri til að ráðast með lygum á KSML. Þannig nærast "vinstri" kommúnistarnir á óhróðri um KSML en hafa ekkert til málanna að leggja um þann raunveruleika, sem íslenskur verkalýður lifir við í dag.

Fundarsókn á fundinum var léleg, alls voru mættir u.þ.b. 200 manns. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að segja samningum lausum.

Verkamenn, skipuleggjum okkur til baráttu gegn auðvaldinu og mútuþegum þeirra - verkalýðsforystunni.

-/vs

Guðmundur J. Guðmundsso
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

TIL ÁSKRIFENDA STÉTTABARÁTTUNNAR

Félagar áskrifendur.

Enn eiga nokkrir eftir að greiða áskrift fyrir 1974. Eins og við sögðum í 7. tbl. þá er þetta síðasta eintakið, sem þeir áskrifendur fá, sem ekki hafa staðið í skilum. Áskriftargjöldin eru mikilvæg tekjulind fyrir blaðið og trassaskapur við greiðslur kemur niður á útgáfu blaðsins. Þess vegna: Sendið okkur greiðslu strax.

Þeir áskrifendur í Reykjavík, sem ekki hafa enn verið rukkaðir, fá rukkun með næsta blaði.


Enn einu sinni verðum við að brýna fyrir þeim, sem flytja, að tilkynna til blaðsins nýja heimilisfangið.

Venjuleg áskrift: kr. 400,oo.
Stuðningsáskrift: kr. 600,oo.
Baráttuáskrift: kr. 800,oo.

Mynd úr sænsku blaði.



Þetta er sú mynd af olíuframleiðsluríkjunum sem á að innræta verkalýð heimsvaldaríkjanna til þess að "réttlæta" hernaðaraðgerðir gegn þeim.



Ótrúlegustu hlutir geta gerzt milli vinaþjóða, þegar viðskiptahagsmunir eru í húfi

Mynd úr Morgun blaðinu.

Stríðsbrölt heimsvaldaríkjanna orsakast af baráttu þeirra um hráefni og markaði. Þeir "ótrúlegu hlutir" sem gerast í samskiptum auðvaldslandanna eru styrjaldir þar sem sá sterki reynir að gera útaf við þá sem minna mega sín. Þessi mynd sem er tekin úr Morgunblaðinu sýnir þetta vel - jafnvel "vinaþjóðir" verða að víkja fyrir gróðahagsmunum auðvaldslandanna.

Framhald af forsíðu

Heimsvaldaríkin undirbúa stríð

"stuðningurinn hvervetna í heiminum" verði til. Og það gera þeir með því, að boða í fjölmiðlum auðvaldsins falska mynd af olíuframleiðsluríkjunum - sem kúgurum, sem reyni að kreista fé út úr Vesturlöndunum og valdi þannig "orkukreppu", verðhækkunum og atvinnuleysi.

Afstaða sósíalheimsvaldasinnanna

Hver er afstaða nýju Zaranna í Kreml gagnvart stríðshótunum USA-heimsvaldasinnanna? Í stuttu máli mótast hún af því, að Sovétríkin eru í dag heimsvaldaríki. Áróðurinn, sem hófst við valdatöku Krúsjof um "nýtt ástand heimsmálanna sökum þess hve sósíalíska heimshlutanum hafði vaxið ásmeginn" er ætlaður til þess að slæva baráttuna gegn heimsvaldastefnunni.

Á 22. þingi Kommúnistaflokks Sovétríkjanna, var sett fram kenningin um "Heim án vopna, heim án styrjalda" - og það á tímabili, þegar heimsvaldastefnan er í fullu fjöri! Þessum kenningum er ætlað að hindra, að alþýða kúguðu landanna fari þá einu leið til frelsis, sem þeim er fær - leið vopnuðu baráttunnar. (Sjá nánar um afstöðu sósíalheimsvaldasinnanna í leiðara.)

Stríðshættan og verkefni kommúnista

Baráttan gegn stríðsbrölti heimsveldanna er mikilvægt verkefni, sem allir sannir kommúnistar og and-heimsvaldasinnar verða að heyja af öllu afli.

Hér á landi er baráttan gegn heimsvaldastefnunni mjög lítið þróuð - í rauninni er ekki til nein fjöldahreyfing, sem hefur sett sér þau verkefni að berjast sem víðtækastri baráttu gegn heimsvaldastefnunni. Það er hlutverk okkar kommúnista að vinna að myndun slíkrar fjöldahreyfingar - með því að vinna að mótun pólitísks grundvallar fyrir starf hennar - með því að reka áróður fyrir stofnun hennar. Jafnframt þessu starfi og í nánum tengslum við það, verðum við að vinna að:

- afhjúpun á stríðsbrölti hernaðarbandalaga heimsvaldaríkjanna,
- afhjúpun á svikum nútíma-endurskoðunarstefnunnar og eðli sósíalheimsvaldastefnunnar,
- skólun verkalýðsins. Hættuástandið í heiminum krefst þess af okkur, að við vinnum af meiri þrótti að stofnun kommúnísks flokks, sem verður fær um að veita verkalýðnum leiðsögn í stórsjóum stéttabaráttunnar.

-/hh

Framhald af forsíðu

Orsakir verðbólgunnar

takmörk fyrir söluverði hans eru: annars vegar framleiðsluverð varanna, sem hann hefur enga stjórn á, og hins vegar meðaltalsgróðinn, sem hann hefur jafn litla stjórn á." (Marx, Capital, bd. III, bls. 306)

Það sem breyst hefur í þessu tilliti við tilkomu einokunarstigs auðvaldsins, er fyrst og fremst að í stað meðaltalsgróðans sækist einokunarhringurinn eftir hámarksgróða. Hann nær hámarksgróðanum með arðráni sínu og kúgun á verkalýðnum heima fyrir, með fjármagnsútflutningi, með styrjöldum og villimannlegri kúgun og miskunnarlausu arðráni á ríkjum þriðja heimsins. Hámarksgróðinn skilur sig frá meðaltalsgróða í því, að meðaltalsgróðinn myndar mörkin fyrir arðvænlegri framleiðslu, fari gróðinn undir meðaltalsgróðann, borgar framleiðslan sig ekki lengur. Hámarksgróðinn er langtum hærri en meðaltalsgróðinn og næst einungis með einokun og síaukinni framleiðni og hagræðingu vinnunnar, þ.e. auknu arðráni. Á meðan verðlag vörunnar í samkeppniskapitalismanum ákvarðaðist af stöðuga kapitalinu breytilega kapitalinu (þ.e. vélum, byggingum, hráefnum, hjálpargögnum o.s. frv. vinnuafli) meðaltalsgróðanum, ákvarðast verðlag varanna í einokunarkapitalismanum af stöðuga kapitalinu breytilega kapitalinu hámarksgróða. Það sem breyst hefur, er að við tilkomu stórra einokunarhringja, var samkeppni í smærri stíl að nokkru afnumin og samkeppni milli risavaxinna einokunarhringja kom í staðinn. Þetta gerir aftur einokunarrisunum kleift að halda verðlaginu háu lengur en áður var, vegna einokunaraðstöðu sinnar. Með einokunarverðlagi, sem liggur yfirleitt miklu hærra en framleiðsluverð varanna, kemur nýskipting gróðans innan auðvaldsstéttarinnar. Einokunarfyrirtækin selja vörur sínar á svo miklu hærra verði en framleiðsluverði þeirra, að í þeirra skaut fellur stór hluti af þeim gróða, sem annars hefði farið til einokunarlauss auðvalds. Þannig eru orsakir verðhækkananna í dag: a) fallandi gildi peninganna og b) einokunarverðlag, sem haldið er miklu hærra en framleiðsluverð varanna er.

Lánakerfið og markaðurinn

Við tilkomu hámarksgróðans og einokunarverðlagsins, hefur verð varanna orðið að óyfirstíganlegri hindrun fyrir verkalýðinn ef ekki væri um lánakerfið að ræða. Næstum allar dýrari vörur, bílar, vélar til húshalds o.s.frv. eru keyptar með afborgunum. Í rauninni þýðir þetta að verkalýðurinn er að borga með peningum, sem hann á ekki, þegar kaupin gerast, en sem hann reiknar með að eignast með vinnu sinni. Þar með lætur auðvaldið sér ekki nægja að pressa verðlagið upp fyrir framleiðsluverð varanna, heldur gerir það kaupandann einnig að skuldunaut sínum. En lánakerfið er eins konar framlenging á markaðnum, lán gegn peningum, sem enn hefur ekki verið unnið fyrir. Því verða afleiðingarnar enn alvarlegri fyrir verkalýðinn í atvinnuleysi, því missir á atvinnu táknar einnig, að atvinnuleysingjanum er ókleift að greiða skuldir sínar við kaupmanninn. Lánakerfið skapar skilyrði fyrir auðvaldið til að seilast eftir framtíðarlaunum verkalýðsins, um leið og því tekst að losna við vörur sínar á hámarksverði, þó að greiðslan komi ekki fyrr en seinna. Ef lánakerfið væri ekki fyrir hendi, myndi kapitalistinn ekki geta selt vöru sína á eins háu verði og raun ber vitni um. En þrátt fyrir lánakerfið og þrátt fyrir verðlagsákvæði, gengisbreytingar, verðstöðvanir o.s.frv. mun kapitalistunum aldrei takast að sigrast á innri mótsetningum auðvaldsframleiðslunnar, ekki einu sinni þjónum þeirra í Alþýðubandalagsforystunni. Það er ekki fyrr en verkalýðurinn hefur tekið völdin á Íslandi í sósíalískri byltingu og byggt upp sósíalíska framleiðslu, sem verðbólgan verður yfirstigin. Því þá verður ekki framleitt vegna gróðans, heldur til að fullnægja þörfum alþýðunnar og sérhver tækniávinningur og endurbætur á framleiðslunni verður hinum vinnandi manni að gagni.

STRÍÐSÁÆTLANIRNAR

Þessar þrjár myndir eru teknar úr bandaríska tímaritinu Newsweek (7. okt.). Þær eru sérlega góð heimild um þær áætlanir, sem heimsvaldasinnarnir hafa á prjónunum.
Mynd 1 sýnir hið svokallaða sálræna stríð - sem fer fram í formi beinna og óbeinna hótanna. Nú þegar er þessi fyrsti þáttur kominn í framkvæmd; ræða Kissingers á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var illa dulin hótun til Arabaríkjanna um að fara sér hægt og reyna ekki að losa sig úr fjötrum heimsveldanna. Ford Bandaríkjaforseti hefur einnig í ræðu sinni á 9. ráðstefnu um orkumál heimsins í Detroit hótað Arabaríkjunum stríði.
Mynd 2 sýnir áætlanir um undirróðursstarfsemi, sem m.a. felur í sér morð á leiðtogum landanna, sem ekki vilja hlýta boði og banni heimsveldanna. Newsweek minnir á, að slíkar aðgerðir hafi tekist áður - t.d. þegar Mohammed Mossadegh, forsætisráðherra Írans, var steypt 1953.
Þriðja myndin skýrir loks lokaaðgerðina - beina hernaðarinnrás. Sú aðgerð verður framkvæmd ef allt annað bregst, en Newsweek hefur eftir ýmsum sérfræðingum (sem eru í þjónustu heimsvaldaríkjanna), að þegar næsta vor geti málin staðið þannig, að innrás verði framkvæmd og ennfremur segir einn þeirra, að "þegar það að kemur munu olíuframleiðslulöndin vera orðin svo óvinsæl, að hernaðarinnrás getur öðlast stuðning hvarvetna í heiminum". Það er athyglisvert, að í áætlunum USA-heimsvaldasinnanna er gert ráð fyrir þátttöku Ísrael í innrásinni og kemur hér skýrt fram, hvað býr að baki þess mikla stuðnings, sem Ísrael hefur hlotið af hálfu USA. Ísrael er ekkert annað en brúarsporður fyrir heimsvaldakúgunina í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs.



